



## 165 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 17 nóvember 2021 kl.09.30 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi og í fjarfunda búnaði.

Mætt voru; Lilja B. Ágústsdóttir, Einar Brandsson, Ástríður Guðmundsdóttir, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Björn Hilmarsson og Atli Svansson. Bára Daðadóttir og Eyjólfur I. Bjarnason tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfunda búnað. Brynja Þorbjörnsdóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tók á að mæta.

Lilja B. Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl.09.30

### 1. Fundargerð 164 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 164 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Fundargerð frá Haustþing SSV 2021

Lögð fram fundargerð og ályktanir frá Haustþing SSV 2021 sem fram fór í Dalabyggð miðvikudaginn 29 september n.k. Stjórn gerði ekki athugasemdir við fundargerðina og fól framkvæmdastjóra að kynna fundargerð og ályktanir fyrir þingmönnum Norðvesturkjördæmis og viðkomandi ráðuneytum.

### 3. Verkefni sem SSV var falið á Haustþingi 2021

Á haustþingi var SSV falið að vinna að ákveðnum verkefnum/viðburðum sem komu fram í ályktunum eða áætlunum. Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um hvernig SSV muni bregðast við þessum verkefnum. Verkefnin eru þessi:

- Vinna loftlagsáætlun fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi; framkvæmdastjóra falið að ræða við sveitarfélögin um þessa vinnu.
- Standa fyrir ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga; stjórn samþykkti að standa fyrir ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga um mánaðarmótin febrúar/mars 2022.
- Standa fyrir kynningarfundum um farsældarfrumvarpið; framkvæmdastjóra falið að dagsetja fundinn í samráði við framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Vesturlandi

### 4. Breiðarfjarðarverkefni

Stjórn SSV hefur skrifað undir samning við umhverfisráðuneytið um verkefni um verndun Breiðarfjarðar og eflingu byggða við fjörðinn. Í tengslum við það hefur ráðuneytið heimilað

Náttúrustofu Vesturlands að auglýsa eftir starfsmanni í 100% starf fyrir Breiðafjarðarnefnd. Stjórn bókaði eftirfarandi vegna þessa „Stjórn SSV fagnar því að umhverfisráðuneytið hafi heimilað Náttúrustofu Vesturlands að auglýsa eftir starfsmanni fyrir Breiðafjarðarnefnd í 100% stöðugildi. Það mun m.a. verða hlutverk þessa starfsmanns að vinna að verkefninu „Forsendugreining fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun“ sem SSV er aðili að. Því vill stjórn SSV beina því til Náttúrustofu Vesturlands að mikilvægt sé að sá aðili sem ráðinn verður í starfið hafi innsýn í helstu þætti sem stuðla að jákvæðri byggðapróun, en það kom því miður ekki fram í auglýsingu.“

#### **5. Brothættar byggðir**

Byggðastofnun tilkynnti nýverið að Dalabyggð hefur verið tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir. Gert er ráð fyrir að SSV verði aðili að verkefninu sem unnið er undir stjórn Byggðastofnunar. Stjórn samþykkti aðkomu SSV að verkefninu.

#### **6. Byggðaáætlun; verkefnið C1**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið mun á næstu dögum auglýsa eftir umsóknum í verkefnið C1 „Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða“ sem er hluti af byggðaáætlun. Stykkishólmsbær hefur óskað eftir því að SSV sækir um stuðning til þess að vinna að eflingu atvinnulífs í kjölfar þess að fyrirtækið Ágústsson sagði upp á fjórða tug starfsmanna s.l. sumar, en vegna þess hefur verið starfandi vinnuhópur skipaður fulltrúum Stykkishólmsbæjar, Byggðastofnunar og SSV sem vinnur að tillögum um eflingu atvinnulífs í bæjarfélaginu. Nokkur umræða varð um hvernig best sé að standa að umsóknum í þetta verkefni og hvernig beri að forgangsraða þeim, en markmið með þessari stuðningsaðgerð er að styðja við svæði sem standa höllum fæti. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna tillögu að umsókn, með hliðsjón af erindi Stykkishólmsbæjar, sem verður lögð fyrir stjórn SSV.

#### **7. Samningur við Sorpurðun Vesturlands**

Lagður fram samningur til staðfestingar um þjónustu SSV við Sorpurðun Vesturlands hf. Stjórn staðfesti samninginn.

#### **8. Umsóknir um styrki úr verkefninu almenningsamgöngur um allt land**

SSV sótti um tvo styrki í verkefnið Almenningsamgöngur um allt land sem er hluti af byggðaáætlun. SSV fékk 12. m.kr. styrk fyrir tilraunaverkefni í Borgarfirði þar sem verið er að samþætta skóla- og tómsundaakstur annars vegar og akstur „Landsbyggðarstrætós“ hins vegar. Einnig fékk SSV 2. m.kr. styrk til að útfæra frekar tillögu um samþættingu skóla- og tómsundaaksturs og akstur „Landsbyggðarstrætós“ á Snæfellsnesi. Framkvæmdastjóri óskar eftir heimild til þess að framlengja samning við VSÓ um verkefnið á Snæfellsnesi. Stjórn fagnaði

þeim styrkveitingum sem féllu í skaut Vesturlands og heimilaði framkvæmdastjóra að ganga til samninga við VSÓ um áframhaldandi ráðgjafavinnu við verkefnið á Snæfellsnesi.

### **9. Samningur við Háskólann á Bifröst**

Lagður fram til staðfestingar samningur við Háskólann á Bifröst um samstarf varðandi rannsóknir í byggða- og sveitarstjórnarmálum. Stjórn staðfesti samninginn.

### **10. Sóknaráætlun Vesturlands**

Rætt um fund samráðsvettvangs sóknaráætlunar sem fer fram síðar sama dag.

### **11. Verkefnið „Allir vinna“**

SSV hafa borist ábendingar frá sveitarfélögum á Vesturlandi um mikilvægi þess að framlengja verkefnið Allir vinna fram á árið 2022. Stjórn bókaði eftirfarandi; „Að mati stjórnar SSV hefur verkefni stjórnvalda „Allir vinna“ skilað góðum árangri og skapað aukna atvinnu í kjölfar Covid-19. Fjölmarginir hafa ráðist í framkvæmdir við fasteignir sínar og nýtt sér þann afslátt af virðisaukaskatti sem verkefnið felur í sér. Því skorar stjórn SSV á ríkisstjórnina að framlengja gildistíma verkefnisins út árið 2022.“

### **12. Starfsmannamál**

Rætt um starfsmannamál

### **13. Framlögð mál**

- a. Fundargerðir annarra landshlutasamtaka
  - i. Fundur í stjórn SSNV 02.11 2021
  - ii. Fundur í stjórn SASS 08.10 2021
  - iii. Fundur í stjórn SSNE 10.11 2021
- b. Fundargerð frá fundi í Sambandi íslenskra sveitarfélaga 02.11 2021

Fundi slitið kl. 11.54